



Faghópur IV

Fundargerð 13. fundar, Orkustofnun 3. des. 2009, kl. 15:00

Mættir: Guðni A. Jóhannesson, Agnar Olsen, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur á Orkustofnun.

Forföll: Guðmundur Þóroddsson, Jakob Sigurður Friðriksson.

1. **Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt.
2. **Útreikningar á tengikostnaði virkjunarkosta.** Lögð voru fram drög á útreikningum tengikostnaðar einstakra virkjunarkosta sem tekið verður tillit til við mat á hagkvæmni kostanna. Í umræðum kom m.a. fram að óvíst væri hvort miðað væri við réttar línugerðir. Ómar tók að sér að kanna hvort 800 mm þverskurðarflatarmál 66 kV jarðstrengs væri rétt. Ákveðið var að endurskoða flutningsgetu lína þegar endanlegt afl og orkuframleiðsla kostanna liggur fyrir.
3. **Framreikningur stofnkostnaðar virkjana.** Faghópurinn hafði samþykkt að færa viðmiðunardagsetningu útreikninga á stofnkostnaði virkjana frá janúar 2008 til janúar 2009. Mat Mannvits á kostnaðarhækkun á þessu tímabili var 23,2% viðvirkjandi vatnsaflsvirkjunum en 42% varðandi jarðavarmavirkjanir. Í samræmi við þessa þróun var ákveðið að hækka viðmiðunarmörk hagkvæmnisflokka sem næmi meðaltali þessara talna eða um 32.6%. Nýir hagkvæmnisflokkar verðar þ.a.l. þessir:
 1. Undir 27 kr/kWh/a.
 2. 27-33 kr/kWh/a.
 3. 33-40 kr/kWh/a.
 4. 40-53 kr/kWh/a.
 5. 53-66 kr/kWh/a.
 6. Yfir 66 kr/kWh/a

Ákveðið var að kalla eftir nýjum framreikningi hagkvæmniflokkunar frá orkufyrirtækjum og jafnframt að fá staðfest áætlað afl og orkugetu virkjunarkosta sem liggja undir mati.

4. **Mat á afkastagetu háhitasvæða.** Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur Orkustofnunar, kom inn á fundinn og kynnti stöðu mats á afkastagetu háhitasvæða sem hann hefur unnið ásamt sérfræðingum ISOR. Rætt var um nálgun og bráðaðbirgðaniðurstöður vinnuhópsins og mun hópurinn ljúka vinnu sinni að teknu

tilliti til athugasemda fyrir næsta fund faghópsins. Mun Jónas þá leggja fram niðurstöðuskýrslu vinnuhópsins.

5. **Skil á niðurstöðum til verkefnisstjórnar.** Guðni kynnti stuttlega grein fyrir áformuðum skilum á niðurstöðum faghópsins til verkefnisstjórnar. Megin afurðin verður forgangslisti virkjunarkosta sem að mestu byggir á hagkvæmniflokkun. Listanum mun fylgja stutt og hnitmiðuð skýrsla sem útlístar aðferðafræði faghópsins og forsendur matsins. Guðni mun leggja drög að efnisyfirliti skýrslunnar á næsta fundi.
6. **Næsti fundur** faghópsins verður haldinn á Orkustofnun 15. desember kl. 15:00.